

15. gr.

45

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 50—1000 krónum, 20. júní nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um sandgræðslu, nr. 20, 2. nóvember 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*

## L Ö G

um

46

20. júní

**stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja. Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð, svo og Elliðaárnar með árhólmanum, árfarvegnum og landi á austurbökkum ána, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennu.

**46** ar, úr landi jarðanna Ártúns og Árbæjar í Mosfellshreppi, lögð undir lögsagni-  
**20.** júní arundæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

**2. gr.**

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðunum Breiðholti, Bústöðum eða Eiði.

Á sama tíma skal Reykjavíkurbær kaupstaður greiða Seltjarnarneshreppi, í eitt skifti fyrir öll, tólf þúsund krónur og Mosfellshreppi þrjátíu og sjö þúsund krónur. Þessi síðarnefnda upphæð greiðist með skuldabréfi, er ber 4% ársvexti og afborgast með eitt þúsund krónum á ári.

**3. gr.**

Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurbæjar til heimilis- og búþarfa, enda hlíti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja. Svo skulu þeir og greiða sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sjer, og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*